

Þýzkaland: Merkel segir ESB ekki bandalag um félagslega þjónustu Eftir

Angela Merkel liggur nú undir harðri gagnrýni fyrir ummæli, sem hún lét falla, nú nokkrum dögum fyrir kosningar til Evrópuþingsins þess efnis að Evrópusambandið væri ekki „socialunion“ eða bandalag um félagslega þjónustu. Hún er gagnrýnd fyrir þessi ummæli á þeirri forsendu að með þeim reyni hún að koma í veg fyrir að kjósendur í Þýzkalandi flykkist til stuðnings við Valkost fyrir Þýzkaland, sem er flokkur á hægri kanti þýzkra stjórnmála, sem gagnrýnir evruna harðlega.